



Félag háskólakennara

1. fundur stjórnar Félags háskólakennara 2021/2022, haldinn miðvikudaginn 2. júní 2021

Fundinn sátu: Baldvin Zarióh, Íris Davíðsdóttir, Guðmundur Ingi Guðmundsson, Jens Guðmundur Hjörleifsson, Ármann Höskuldsson, Sævar Ingþórsson og Pontus Erik Gunnar Jarvstad. Berglind Eva Benediktsdóttir boðaði forföll. Helga Birna Ingimundardóttir, ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 19. maí 2021.
2. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 5. maí 2021.
3. Verkaskipting stjórnar.
4. Fastir fundartímar stjórnar.
5. Fundur með rektor.
 - i. Bréf vegna umbunar stjórnarsýslu.
 - ii. Bréf vegna innleiðingar góðra kennsluhátta í framgangi í starfi.

1. Fundargerð 19. maí 2021

Fundargerðin var samþykkt.

2. Fundargerð 5. maí 2021

Fundargerðin var samþykkt með lítisháttar leiðréttingum.

3. Verkaskipting stjórnar

Ákveðið var eftirfarandi verkaskipting stjórnar á starfsárinu.

- Jens Guðmundur Hjörleifsson verður varaformaður.
- Íris Davíðsdóttir verður ritari
- Guðmundur Ingi Guðmundsson verður gjaldkeri

Fulltrúi félagsins á háskólaþingi verður Jens Guðmundur og Guðmundur Ingi varamaður.

4. Fastir fundartímar stjórnar

Ákveðið var að fastir fundartímar stjórnar félagsins verði fyrsta miðvikudag hvers mánaðar kl. 11:45. Næsti fundar stjórnar verður þó 18. ágúst nk., eftir sumarleyfi.

5. Fundur með rektor

Ákveðið var að stjórn félagsins óski eftir fundi með rektor fyrir sumarleyfi. Baldvin mun fá fund með rektor og óskaði eftir því að sem flestir úr stjórn, sem tók hafa á, komi til fundarins. Á dagskrá fundarins verður m.a. lagt fram bréf vegna umbunar starfsfólks stjórnarsýslu vegna álags á tímum covid. Formaður og framkvæmdastjóri munu klára niðurlag bréfin. Formaður óskaði eftir fleiri umræðuefnum sem hægt væri að taka upp á fundi með rektor.

Málið rætt. Fram kom m.a. að mikið viðvarandi álag hefur verið hjá kennurum vegna þess ástands sem skapast hefur sökum heimsfaraldursins. Þá kom einnig fram að stjórn Fedon bíður enn svara frá rektor

um vanda þeirra stundakennara sem eru að kenna meira en 25% starf, en fá ekki ráðningu í stöðu aðjúnkts II.

Bréfi vegna innleiðingar góðra kennsluhátta í framgangi starfa var frestað til næsta fundar.

Önnur mál:

- Vandamál við öryggismyndavélar.
- Pontus vildi nefna þrjú málefni doktorsnema sem enn eru ókláruð. Í fyrsta nauðsyn þess að ráðinn verði umboðsmaður doktorsnema, í öðru lagi vandamál við veikindarétt doktorsnema og í þriðja lagi ósamræmi fræðasviða á launasetningu doktorsnema og svokölluðu „overhead“ styrkja. Baldvin sagði að þessi mál hafi verið tekin fyrir í samráðsnefnd félagsins og HÍ í vetur, en enn vanti bein svör frá HÍ. Áfram verði unnið með málin í nefndinni.
- Rætt var um samstarfssnefnd félagsins og LBS. Ákveðið var að framkæmdastjóri boði til fundar.
- Ármann kom með tillögu um að félagið standi fyrir námskeið í vetur við gerð á framtali starfa, fyrir akademíska starfsmenn.
- Íris kom með tillögu um að félagið standi fyrir kynningarfundum um SKREF fyrri starfsmenn stjórnarsýslu, þar sem að nú eru heildarstig aðgengileg á UGLU.

Fleira ekki gert.

Næsti fundur verður 18. ágúst nk.